

REGLUGERÐ um breyting á reglugerð um þvingunaraðgerðir varðandi Líberíu nr. 831/2015.

1. gr.

Þvingunaraðgerðir.

Eftirfarandi töluliður bætist við 2. gr. reglugerðar um þvingunaraðgerðir varðandi Líberíu nr. 831/2015:

1.3 Ákvörðun ráðsins SSUÖ 2015/1782 frá 5. október 2015 um niðurfellingu sameiginlegrar afstöðu 2004/487/SSUÖ varðandi frekari þvingunaraðgerðir varðandi Líberíu og um breytingu á sameiginlegri afstöðu 2008/109/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Líberíu, fylgiskjal 1.3.

3. töluliður sömu greinar fellur niður.

2. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 4. og 12. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008, öðlast þegar gildi.

Utanríkisráðuneytinu, 22. janúar 2016.

Gunnar Bragi Sveinsson.

Stefán Haukur Jóhannesson.

Fylgiskjal 1.3.

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS SSUÖ 2015/1782

frá 5. október 2015

**um niðurfellingu sameiginlegrar afstöðu 2004/487/SSUÖ
varðandi frekari þvingunaraðgerðir varðandi Líberíu og
um breytingu á sameiginlegri afstöðu 2008/109/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Líberíu**

1. 3. gr. sameiginlegrar afstöðu ráðsins 2008/109/SSUÖ frá 12. febrúar 2008 um þvingunaraðgerðir gegn Líberíu er felld úr gildi.

2. 4. og 5. gr. sameiginlegrar afstöðu ráðsins 2008/109/SSUÖ verða 3. og 4. gr.

3. Sameiginleg afstaða 2004/487/SSUÖ er felld úr gildi.

(Efnisútdráttur).